



Réttlætismál að jafna stöðu foreldra

FRÉTTASKÝRING

Pórunn Kristjánsdóttir
thorunn@mbl.is



Það er ákveðið réttlætismál að jafna stöðu foreldra en jafnframt mikilvægt að hafa í þeim efnum hagsmuni barnsins í öndvegi. Þetta er nýtt fyrirkomulag búsetu, sem lagt er til að tekið verði upp í barnalög. Um er að ræða heimild til handa þeim foreldrum, sem fara sameiginlega með forsjá barna sinna við skilnað eða sambúðarslit og eru í stakk búnir til að taka jafna ábyrgð á umönnun, uppeldi og framfærslu barna sinna sem búa álíka jafnt á tveimur heimilum,“ segir Þórhildur Líndal, lögfræðingur og



Þórhildur Líndal
fyrirv. umboðsmaður barna, um niðurstöðu skýrslu um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum.

Þórhildur var formaður starfshóps sem innanríkisráðherra skipaði og var falið að kanna með hvaða leiðum megi jafna stöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barna sinna og vilja ala þau upp á tveimur heimilum.

Breyta þyrfti barnalögum

Helstu niðurstöður skýrslunnar, sem var skilað í septembermánuði sl., eru á þá leið að breyta þurfi barnalögum, lögum um lögheimili auk ýmissa sérлага um opinberan stuðning til að jafna rétt foreldra. Barnið sem á tvö heimili mun þó einungis eiga eitt skráð lögheimili, sem foreldrar semja um sín á milli.

Í skýrslunni segir: „Skipt búseta barns mun fela í sér ýmis réttaráhrif, þar á meðal varðandi alla ákvarðanatöku um málefni barns svo og framfærslu þess.“ Þetta á t.d. við um meðlagsgreiðslur sem yrðu þá felldar niður því báðir foreldrar taka jafnan þátt í öllum tilkostnaði sem fylgir barnauppeldinu. Það sama gildir um opinberan fjárstuðning, hann skiptist jafnt milli foreldra.

Þá leggur starfshópurinn áherslu á „mikilvægi þess að úr tölvukerfi Þjóðskrár Íslands verði hægt að fá upplýsingar um að barn sé í skiptri búsetu, sem þýðir að í þjóðskránni komi fram heimilisfang beggja for-



Morgunblaðið/Eggert

Búseta barna Í skýrslu innanríkisráðherra um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum eru lagðar til breytingar á barnalögum.

SAMSKIPTI OG NÁBÝLI

Ekki rof þrátt fyrir skilnað

„Kostirnir eru fyrst og fremst að ekki komi rof í tengsl barna og foreldra þrátt fyrir skilnaðinn. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrst á eftir,“ segir Benedikt Jóhannsson, sérfræðingur í klínískri sálfræði hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, en hann hefur starfað mikið með börnum eftir skilnað foreldra. Benedikt var einnig einn af álitsgjöfum skýrslunnar.

Hann tekur fram að fyrst og fremst þurfi réttar forsendur að vera fyrir hendi svo þetta sé hægt. „Foreldrarinn þurfa að búa nálægt, helst í göngufæri, og skóli og frístundastarf á sama stað. Þá þarf að vera gott samkomulag á milli þeirra.“

eldra barnsins. Þessum upplýsingum verði unnt að miðla til þeirra stofnana og annarra sem koma að málefnum barna, svo sem sveitarfélaga“.

Þórhildur bendir á að ein grundvallarforsenda þess að skipt búseta komi til greina sé að það ríki góð og víðtæk sátt milli foreldra um allt sem viðkemur barninu og uppeldi þess og að foreldrar búi nálægt hvort öðru.

Foreldrar þurfa því að uppfylla ákveðin skilyrði áður en sýslumaður getur staðfest samning þeirra um skipta búsetu barns. Áður þurfa foreldrar að fá ráðgjöf hjá sérfræðingi sýslumanns um hvort skipt búseta sé barninu fyrir bestu. „Þetta er úrræði fyrir foreldra sem vilja haga málum með þessum hætti og eiga auðvelt með að ræða saman um málefni barnsins með hagsmuni þess að leiðarljósi. En þetta hentar ekki öllum foreldrum,“ segir Þórhildur.

Nefndin leit einkum til nágrannalandanna Svíþjóðar og Noregs þar sem þetta kerfi hefur verið notað og gefið góða raun.

Nefndin var skipuð í samræmi við ályktun Alþingis frá 12. maí 2014 og sátu í henni fimm manns. Guðmundur Steingrímsson, þingmaður Bjartrar framtíðar, lagði tillöguna fyrst fram árið 2012. Tveimur árum síðar voru tvær tillögur er snerta jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum aftur lagðar fyrir og voru samþykktar. „Skýrslan er mjög vel unnin og ég vona að tillögurnar verði að frumvarpi því þetta snertir marga foreldra,“ segir Guðmundur.

Skýrslan hefur verið lögð fyrir Alþingi. Hún er nú til meðferðar í innanríkisráðuneytinu og verður unnt að senda ráðuneytinu sjónarmið og ábendingar um efni hennar til og með 15. október. Þau svör fengust hjá innanríkisráðuneytinu að vilji standi til að vinna að tillögum skýrslunnar.

Þess má geta að sveitarfélagið Garðabær vísaði skýrslunni til kynningar í leikskóla- og skólanefnd og fjölskylduráði á bæjarráðsfundi í vikunni.